

Athugasemdir og tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um bókhald, sem lagt var fyrir Alþingi á 118 löggjafarþingi 1994.

1. FBF fagnar framlagningu frumvarps til laga um bókhald, sem var orðið löngu tíma-bært. Verði það að lögum kemur það í stað núgildandi laga sem eru frá árinu 1968, og hafa í áranna rás tekið litlum breytingum.
2. Í 3. gr. er fjallað um þá sem verða undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald. FBF er þeirrar skoðunar að allir aðilar, hversu stóran eða smáan atvinnurekstur þeir stunda beri að færa tvíhliða bókhald (tölvufært). Í dag eru bókhaldsforrit orðin það aðgengileg að það er flestum aðilum, hvort heldur þeir eru VSK-skyldir eða ekki, mun auðveldara að færa bókhald sitt í tölvufærðu tvöföldu bókhaldi heldur en að færa svokallað "einfalt" bókhaldi, sem er í reynd ekki svo einfalt mál. Viljum við í því sambandi vekja athygli á 10. 14. og 18 gr., en þar eru tíundaðar þær bókhaldsbækur sem undanþegnir aðilar eru skyldir að halda. Þeir sem starfa við bókhald, uppgjör og framtalsgerð vita að ákvæði 14. og 18. gr. varðandi einfalt bókhald verða ekki haldin, nema í undantekningartilfellum. Bent er á að í 2 mgr. er ekki gert ráð fyrir umfangi rekstrar í krónum talið, en umfang rekstrar þarf ekki að vera í neinu samhengi við mannaflapörf eins og fram kemur í 2. mgr. Samkvæmt 2. og 3. tl. er rekstraraðilum mismunað eftir því með hvaða hætti þeir selja afurðir sínar. Samkvæmt frumvarpinu eru þeir undanþegnir að halda tvíhliða bókhald sem selja afurðir sínar til afurðasölufyrirtækja en hinir, sem selja á frjálsum markaði eru skyldugir að halda tvíhliða bókhald. Með þessu ákvæði er verið að mati FBF að raska samkeppnishæfi aðila á markaði. FBF leggur því til að ákvæði 3. gr. verði á þann veg að allir aðilar sem hafa einhverja atvinnustarfsemi með höndum skulu halda tvíhliða bókhald (tölvufært), en undanþegnir geti þeir einir orðið sem falla nú undir 2 gr. frumvarpsins, kaupi þeir ekki aðkeypt vinnuafn.

Lagt er til að ákvæðum laga nr. 59/1988 um virðisaukaskatt verði einnig breytt á þann veg að falli starfsemi undir ákvæði þeirra laga, skal haldið tvíhliða bókhald (tölvufært) og ársreikningi skilað til skattyfirvalda. Í því sambandi verði m.a. 5. mgr. 18 gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 5. kafli reglugerðar nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila felld brott.

3. FBF tekur undir ákvæði í 7. gr. að skrifleg lýsing eigi að liggja fyrir á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis og upplýsingar um tölvukerfi, tölvubúnað o.þ.h.

Ákvæði þetta var í reglugerð um bókhald, nr. 417/1982, en fáir hafa farið eftir því ákvæði. Ákvæði sama efnis er að finna í 2. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu VSK-skyldra aðila.

FBF telur það mikið framfaraspor að ráðherra er veitt heimild til að setja reglur um opinbera viðurkenningu, vottun, sem gera verður til bókhaldskerfa fyrir tölvur, en það er löngu orðið tímært.

4. Varðandi 20 gr. bendum við á að ávæði um varðveislu ársreikninga í 25 ár eru óraunhæf og erfitt að framfylgja því ákvæði og leggjum því til að ársreikningar verði geymdir í 15 ár.

5. Í 32. til og með 35. gr. frumvarpsins er fjallað um *skoðunarmenn*.

FBF hefur ýmislegt við orðið skoðunarmaður að athuga.

Orðið skoðunarmaður varðandi bókhald og endurskoðun hefur sennilega komið einna fyrst fram í lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög og þá til aðgreiningar frá löggiltum endurskoðanda.

Við lestur frumvarpsins er helst komist að effirfarandi niðurstöðu varðandi merkingu á orðinu skoðunarmaður:

- 1) Skoðunarmaður er annað heiti á félagskjörnum endurskoðanda.
- 2) Skoðunarmaður getur verið löggiltur endurskoðandi, því í 3. mgr. 32. gr. segir: "Ef félag kys löggiltan endurskoðanda sem skoðunarmann osfrv....."
- 3) Skoðunarmaður getur verið sá sem rekur bókhaldsskrifstofu.
- 4) Skoðunarmaður þarf ekki að hafa bókhaldskunnáttur.

Í athugasemdum við 34. gr. frumvarpsins á bls. 25, kemur fram að ekki eru gerðar miklar hæfniskröfur til "skoðunarmanna", nema í þeim tilfellum þegar þeir eru löggiltir endurskoðendur.

Skoðunarmönnum ber að fara eftir lögum um löggilta endurskoðendur, eins og segir í athugasemdum um 34. gr. "..... Skoðunarmaður er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Með áritun sinni á ársreikninginn gefur hann félagsmönnum skýrslu um athugun sína á bókhaldi og bókhaldsgögnum og hvort ársreikningur gefi skýra mynd af starfsemi félagsins".

Síðan kemur "**Ekki er gerð krafa til sérstakrar bókhaldskunnáttu en áður en skoðunarmaður áritar ársreikninginn ber honum að yfirfara hann og fullvissa sig um að eignir þær sem þar eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi og farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfundar og stjórnar. Þannig getur skoðunarmaður til dæmis sannreynt bankainnstæður, verðbréfaeign og tilvist varanlegra eigna. Sama á við um tilgreindar skuldir....."**

Það er ekki alveg samræmi í því hvað ætlast er til af skoðunarmanni og þess að það eru engar kröfur gerðar um að hann hafi þekkingu á því sem hann á að gera.

Í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög er orðið endurskoðandi notað sem samheiti yfir "félagskjörinn endurskoðanda" og "löggiltan endurskoðanda"

Í XI. kafla laganna eru nokkur ákvæði um hlutverk endurskoðenda og hver þekking þeirra á að vera. Eru hér nefnd nokkur dæmi: Endurskoðendur skulu með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins hafa þá þekkingu og reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem nauðsynleg er til rækslu starfans (2. mgr. 81. gr.). Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varðar rekstur þess og stöðu (1. mgr. 86. gr.). Endurskoðendur skulu fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju (3. mgr. 86. gr.) Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund (úr 1. mgr. 88. gr.). Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður (úr 2. mgr. 88. gr.).

Það eru gerðar mikla kröfur til þeirra sem endurskoða ársreikninga hlutafélaga og gildir þá einu hvort viðkomandi endurskoðandi er "félagskjörinn endurskoðandi" eða "löggiltur endurskoðandi".

Verði frumvarp um ársreikninga að lögum er gert ráð fyrir að ákvæði um endurskoðendur falli niður í lögum um hlutafélög og í staðinn komi ákvæði um löggilta endurskoðendur og skoðunarmenn.

Í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, virðist vera gerður mikill greinarmunur á "skoðunarmanni" og "endurskoðanda". Samkvæmt lögnum virðist vera gerðar allt aðrar kröfur til skoðunarmanna en kemur fram í frumvarpi til bókhaldslaga. Í 69. gr. segir m.a.: "**Skoðunarmenn skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærðar félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans.**" í 71. gr. segir m.a.: "Skoðunarmenn skuli í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikning félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn þess og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Skoðunarmenn skulu fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun reikninga ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins og eða góða endurskoðunarvenju. Ef aðalfundur kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag jafnframt skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að löggiltur endurskoðandi annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við lög þessi, góða reikningsskilavenju og lög nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, en skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikninga, fylgjast með því að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykpta félagsfunda og stjórnar félagsins. Hinn löggilti endurskoðandi skal einnig athuga einstaka þætti í reikningshaldi félagsins að beiðni skoðunarmanna.

Verði frumvarp um ársreikninga að lögum er gert ráð fyrir að ákvæði um skoðunarmenn/endurskoðendur falli niður í lögum um samvinnufélög.

Í lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, er fjallað um endurskoðun þeirra. 2. gr. hljóðar svo: "Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins og einum skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi". Í 3. gr. segir: "Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktar varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða. Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktar. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti".

Í 58. gr. frumvarps um ársreikninga segir um skoðunarmenn: "Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans."

Skv. framangreindu er greinilega ekki samræmi í gildandi lögum eða frumvörpum til hvers ætlast er af skoðunarmönnum.

6. Koma þarf fram í lok laganna til hvaða greina vísað er í reglugerðarákvæði.

Drög að athugasemdum og breytingum á frumvarpinu voru kynnt á aðalfundi FBF, sem haldinn var að Hótel Selfossi 22. október 1994. Undirrituðum var á þeim fundi falið að ganga frá athugasemdum og breytingatillögum til Viðskipta- og efnahagsnefndar Alþingis.


18. desember 1994

Fh. Félags bókhalds- og fjárhagsráðgjafa



Vigfús Aðalsteinsson viðskfr.

Reikniver sf., sími 686663
Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík



Jón Sigurðsson
Bókhalds- og tölvuvinnsla, s- 612295
Selbraut 10, 170 Seltjarnarnesi

Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa

Athugasemdir og tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um ársreikninga, sem lagt var fyrir Alþingi á 118 löggjafarþingi 1994.

1. Varðandi 2. gr vill FBF benda á að einstaklingar geta verið með mjög umfangsmikinn rekstur og ættu þess vegna að falla undir þessi lög. Ennfremur er það álit FBF að stærðarmörk félaga með ótakmarkaðri ábyrgð séu alltof rúm og leggjum til að stærðarmörk fyrir þá aðila og einstaklinga með rekstur verði:
 1. eignir nema samtals a.m.k. kr. 100.000.000.
 2. rekstrartekjur nema a.m.k. kr. 150.000.000
 3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 20.
2. Við setninguna í 10. gr. “Fjármálaráðherrarekstrarreikninga” bætist skv. tillögum reikningsskilaráðs, en um hlutverk reikningsskilaráðs er fjallað í 79 gr. frumvarpsins.
3. Í 1 mgr. 57 gr. frumvarpsins komi í stað “.....kýs einn eða fleiri löggilta endurskoðendur.....” komi “kýs einn eða fleiri endurskoðendur.....”. og vísast nánar um það efni til athugasemda FBF við frumvarp til laga um bókhald og til bréfs FBF um réttindamál varðandi löggilta endurskoðendur, skráða endurskoðendur og skoðunarmenn.
4. Varðandi 58. gr. gerum við sömu athugasemdir og varðandi 57. grein og bendum ennfremur á ósamræmið í kröfum til skoðunarmanna skv. þessari grein og í frumvarpi að lögum um bókhald.
5. Gerð er athugasemd við 59. grein varðandi stærðarmörk félaga, sem verða að kjósa löggilta endurskoðendur. Við teljum stærðarmörkin of lítil og vísum til fjórðu tilskipunar samnings um Evrópskt efnahagssvæði, EES, en þar eru stærðarmörkin miklu hærri.

Okkar tillaga er eftirfarandi.

1. bundið eigið fé a.m.k. kr. 50.000.000.
2. skuldir og bundið eigið fé sé a.m.k. kr. 200.000.000.
3. rekstrartekjur nemi a.m.k. kr. 300.000.000
4. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Til upplýsinga skal þess getið að samkvæmt frumvörpum að lögum um Ársreikninga, lög og frumvarpi um hlutafélög og frumvarpi um eignarhaldshlutafélög er krafa um að kjósa a.m.k. einn löggiltan endurskoðanda á aðalfundi ef einu eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- Bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir.
- Skuldir og bundið fé a.m.k. 100 milljónir króna.
- Rekstrartekjur a.m.k. 200 milljónir króna.
- Starfsmenn (ármenn) fleiri en 50.
- Engar hömlur lagðar á viðskipti með hluti milli aðila.
- Krafa hluthafa er ráða yfir a.m.k. 1/5 hlutafjár.
- Ef endurskoðunarfélag er kosið til að annast endurskoðun.
- Ef hlutabréf - verðbréf eru skráð á verðbréfaþingi.

6. FBF hefur leytast eftir því að fá túlkun á 65. gr. hjá tveimur af nefndarmönnum sem frumvarpið sömdu þ.e. þeim Guðmundi Guðbjarnarsyni og Alexander G. Eðvardssyni hvort með þessu ákvæði sé verið að binda það í lög að reikningskil verði að vera endurskoðuð og í áritun á endurskoðuð reikningskil komi fram ákveðið álit endurskoðanda hvað hann hafi gert og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og og efnahag.

Álit Gumundar var að svo væri en hins vegar var álit AGE sem er löggiltur endurskoðandi að svo þyrfti ekki að vera. Hin algenga áritun hjá löggiltum endurskoðendum “Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn” væri því ennþá í fullu gildi þrátt fyrir þessu nýju lög.”

Til upplýsinga skal þess getið að skv. leiðbeinandi reglum Félags löggiltra endurskoðanda á áritunin í reikningskilum “Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn” að fela í sér að reikningskilin hafi verið gerð í samræmi við lög og góða reikningskilavenju. Jafnframt að hún þýði að gjöldum sé jafnað á móti tekjum og að rekstrar- og efnahagsliðir, sem tilheyra reikningstímabilinu, komi fram í reikningskilum og jafnframt að efnahagur sé afstemmdur.

Sjálfsgagt er þetta gert hjá öllum betri endurskoðendum en í alltof mörgum tilvikum er þetta ekki gert og áritunin “Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn” þýðir í reynd “Við gerð ársreikningsins höfum við komist að raun um að frágangi bókhalds er verulega ábótavant. Ársreikningurinn getur því verið rangur í veigamiklum atriðum, þar sem hann byggir á óáreiðanlegum gögnum. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn.

Síðari áritunin sést þó ákaflega sjaldan eða jafnvel aldrei í reikningskilum.

Ragnar H. Hall hrl flutti nýlega erindi á ráðstefnu löggiltra endurskoðanda þar sem hann sagði m.a. eftirfarandi: “ ” Hvað á það að þýða að ársreikningarnir séu með áritun eins og þessari , “Ársreikning þennan höfum við gert eftir bókhaldi félagsins og skýringum stjórnenda þess. Ársreikningurinn er á bls. 1 - 6 og hefur að geyma ársskýrslu, rekstrarreikninga, efnahagsreikning og sundurliðanir. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun. “ Hvaða gagn er í svona uppgjörum? Hvaða mat er hægt að leggja á fyrirtæki út frá svona gögnum? Það er auðvitað bara út í hött. Þetta eru vinnubrögð sem hlýtur að verða að leggja af ef menn ætla ekki áfram að vera alltaf í þessum sama “afskriftarpraxis”. Ég held reyndar að margir hafi glæpst á því að taka of mikið tillit til svona reikningsskila. Ég held að endurskoðendur eigi kannski nokkra sök á því og áritanir eins og þessar séu til þess fallnar að vekja lesandanum trú um það að eitthvað meira og betra standi á bak við þetta heldur en það raunverulega gerir. Það á ekki síst við ef þetta er fært í fallegar kápur frá virtum endurskoðunarstofum með áletranir sem bera þess merki að þær séu í nánú samráði við fína menn í útlandinu. Þetta verður auðvitað að hætta. Það gengur ekki að svona gögn séu lögð til grundvallar stórfelldum lánveitingum a.m.k. hjá opinberum aðilum.” ”

FBF tekur að mörgu leyti undir orð hæstaréttalögmannsins, sérstaklega hvað varðar það að þeir sem skoða reikningsskilin verði að vera sér meðvitaðir um hvað áritanir þýða.

Það er álit FBF að það þurfi að koma skýrar fram í 65 greininni að þeir sem semja reikningsskilin verði að taka fram í áritun hvað þeir hafi gert og jafnframt að fram komi álit á áreiðanleika reikningsskilanna.

Með því að setja nánari ákvæði í lögum um áritun endurskoðenda. löggiltra eða annarra sé komið í veg fyrir þeir sem semja ársreikninga geti í áritun komist upp með að segja aðeins “Endurskoðun var ekki framkvæmd” í stað þess að gera grein fyrir í hverju endurskoðunin fólst og um áreiðanleika reikningsskilanna.

Það er álit FBF að þeir sem eru kjörnir til að vera endurskoðendur félaga skv. frumvarpinu hvort sem þeir eru löggiltir eða ekki eigi að bera ábyrgð á störfum sínum og um þá ábyrgð þarf að setja skýr ákvæði í lögum.


7. Varðandi 79. grein frumvarpsins teljum við æskilegt að FBF eigi fulltrúa í reikningsskilaráði.
8. Koma þarf fram í lok laganna til hvaða greina vísað er í reglugerðarákvæði.

FBF finnst eðlilegra að ákvæði um gerð ársreikninga fyrir öll félags- og rekstrarform, verði í sömu lögunum. FBF telur að það eigi að skoðast hvort ákvæði um gerð ársreikninga fyrir minni fyrirtæki og rekstrarform eigi ekki að fella inn í frumvarp til laga um ársreikninga.

Drög að athugasemdum og breytingum á frumvarpinum voru kynnt á aðalfundi FBF, sem haldinn var að Hótel Selfossi 22. október 1994. Undirrituðum var á þeim fundi falið að ganga frá athugasemdunum og breytingatillögnum til Viðskipta- og efnahagsnefndar Alþingis.


18. desember 1994

Fh. Félags bókhalds og fjárhagsráðgjafa.



Vigfús Aðalsteinsson viðskfr.

Reikniver sf., sími 686663
Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík



Jón Sigurðsson
Bókhalds og tölvuvinnsla, s-612295
Selbraut 10, 170 Seltjarnarnesi

Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa

Varðandi réttindi og ábyrgð þeirra sem eru með bókhaldsþjónustu.

Í kafla 10.3 Endurskoðun á bókhaldslögum, í skýrslu nefndar um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim, sem var gefin út í september 1993, segir m.a.: "**Huga þarf að ábyrgð þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi við færslu bókhalds, gerð skattframtala og ársreikninga fyrirtækja. Tryggja þarf með einhverjum hætti ákveðna lágmarkskunnáttu þessara manna á reikningsskilum og gildandi lögum og reglugerðum.**"

Ennfremur hefur Skúli Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóri, bent á að koma verði á réttindum og skyldum á þá er selja bókhaldsþjónustu, endurskoðun og skattframtalsgerð til annarra, en eru ekki löggiltir endurskoðendur.

Eins og nú háttar geta allir, hverju nafni sem þeir nefnast, hafið rekstur bókhalds- og endurskoðunarskrifstofa og selt bókhaldsþjónustu, gerð ársreikninga og skattframtala o.fl. fyrir einstaklinga og fyrirtæki, án þess að hafa til þess nokkur réttindi. Það eina sem menn þurfa er að tilkynna starfsemi sína til Ríkisskattstjóra og verða sér út um VSK-númer. Þeir sem stunda slíka starfsemi bera takmarkaða ábyrgð á starfsemi sinni, nema e.t.v. löggiltir endurskoðendur, þó ábyrgð þeirra liggji reynda ekki heldur ljóst fyrir.

Þingsályktun Árna Ragnar Arnasonar.

Á 116. löggjafarþingi 1992/1993, 405 mál, var lögð fram tillaga nr. 699 til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil.

Flutningsmaður tillögunnar var Árni R. Arnason alþingismaður.

Í greinagerð með tillögunni kemur m.a. fram .

“Um áratugi hafa menn, er ekki eru löggiltir endurskoðendur, veitt fyrirtækjum þjónustu á sviði endurskoðunar, samið ársreikninga og annast framtalsgerð og eru nú starfræktar fjölmargar bókhaldsstofur á vegum slíkra einstaklinga víðs vegar um landið. Þjónusta þeirra nær til fyrirtækja í öllum atvinnuvegum landsmanna, að líkindum til flestra eða allra atvinnugreina í atvinnugreinaskrá Hagstofu Íslands, til fyrirtækja í öllum skattumdæmum og landsfjórðungum og til hinna smæstu, meðalstórra og jafnvel til allstórra fyrirtækja. Þjónusta þessara stofa nær í mörgum tilvikum til fleiri þátta reikningshalds en reikningskilanna sjálfra og sumar stofurnar annast í raun allt bókhald einhverra viðskiptavina sinna”.

Ennfremur kemur fram í greinagerð Árna.

“.....Stjórnarmenn í Félagi bókhalds- og fjárhagsráðgjafa gera sér í hugarlund að unnt muni að setja í lög ákvæði um réttindi þeirra, skyldur og menntunarkröfur, líkt og um löggilta endurskoðendur, löggilta fasteignasala og löggilta verðbréfasala og til álita gæti komið heitið “skráðir endurskoðendur”

Það megi skilgreina á þann veg að þeir sem gangast undir tilskilda menntun og prófun fái réttindi til að annast og endurskoða bókhald og reikningsskil fyrir öll fyrirtæki upp að tiltekinni stærð og öll rekstrarform upp að almenningshlutafélögum eða almenningshlutafélögum eða almenningshlutafélög upp að tiltekinni stærð. Nefna má að í gildandi lögum um hlutafélög er þess krafist að löggiltur endurskoðandi semji ársreikning og áriti ef hlutafélag hefur náð tilteknum stærðarmörkum”.

Enginn fær inngöngu í FBF nema þeir sem starfað hafa að aðalstarfi sjálfstætt við bókhald, fjárhagsráðgjöf, reikningsskil í a.m.k. 2 ár og áunnið sér viðurkenningu á því sviði að mati stjórnar.

Flestir félagsmenn innan FBF hafa stundað nám og lokið prófum frá skólum, sem veita góða kennslu og prófun í bókhaldi eins og Verslunarskóla Íslands, Samvinnuskólanum og margir félagsmanna eru viðskiptafræðingar með 4 ára háskólanám.”

Tillögur varðandi réttindamál.

Það er mikill veikleiki í frumvarpi til bókhaldslaga og um ársreikninga, sem nú liggur fyrir Alþingi að ekki er gerður greinamunur á þeim sem hafa enga viðskiptamenntun, litla bókhaldskunnáttur og litla sem enga reynslu annars vegar og þeim sem eru viðskiptafræðingar og/eða hafa aflað sér viðtækrar þekkingar og reynslu eftir öðrum leiðum hins vegar.

Við teljum enn fremur að í frumvarp til nýrra laga um bókhald og frumvarpi um ársreikninga verði að gerða meiri kröfur en fram kemur í frumvarpinu til þeirra sem vinna að bókhaldi og ársuppgjöri, þ.e. löggiltra endurskoðenda, þeirra sem reka bókhaldsskrifstofur og annarra sem að þessum málum koma. Með frumvarpinu er verið að opna enn frekar fyrir að menn með takmarkaða þekkingu og reynslu geti tekið að sér bókhald og reikningsskil.

Það er skoðun FBF að stefna skuli að því að ársreikningar allra rekstrarforma, hverju nafni sem þau nefnast verði endurskoðaðir af þar til viðurkenndum aðilum.

FBF gerir að tillögu sinni að þar verði um að ræða 3 stig þ.e.

- 1) Löggiltir endurskoðendur
- 2) Skráðir endurskoðendur.
- 3) Skoðunarmenn.

Verkaskipting og ábyrgðarsvið þessara aðila verði sem næst því sem fram kemur í núgildandi lögum um hlutafélög og frumvarpi um ársreikningar með hliðsjón af athugasemdum FBF um stærðarmörk.

Fjármálaráðuneytið setji síðan reglugerð um hæfniskröfur og veiti leyfi til starfans og hafi síðan eftirlit með verkum þessara aðila um að þeir vinni í samræmi við lög og reglur.

Með því að auka ábyrgð þeirra sem reka bókhalds- og endurskoðunarstofur, þ.e. færa bókhald, semja ársreikninga, endurskoða og árita ársreikninga og annast framtalsgerð eru tryggðar öruggari upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækja og félaga.


Vandaðri ársreikningar og framtöl koma öllum til góða sem um það þurfa að fjalla.

Það auðveldar eigendum og stjórnendum ákvarðanatöku og ætti að vera forsenda lánafyrirgreiðslu hjá lánastofnunum og sjóðum, auk þess að vera grundvöllur réttar álagningar fyrir opinbera aðila og treysta áreiðanleika upplýsinga varðandi hagsýslugerð.


Félagsmenn í FBF eru reiðubúnir að skipta á réttindum og meiri ábyrgð gagnvart opinberum aðilum.

18. desember 1994

Fh. Félags bókhalds- og fjárhagsráðgjafa



Vigfús Aðalsteinsson
Reikniver sf., sími 686663
Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík



Jón Sigurðsson
Bókhalds og tölvuvinnsla, s-612295
Selbraut 10, 170 Seltjarnarnesi